



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir

Kópavogi, 5. október 2023

Efni: Styrkbeiðni frá Kvennaráðgjöfinni 2024

Meðfylgjandi er erindi frá Kvennaráðgjöfinni dagsett 21.09.2023 þar sem óskað er eftir fjárframlagi frá Kópavogsbæ vegna ársins 2024.

Kvennaráðgjöfin hefur starfað frá árinu 1984 og hefur þann megintilgang að veita konum stuðning og ráðgjöf frá félagsráðgjöfum og lögfræðingum. Öllum, bæði konum og körlum, er heimilt að leita ráðgjafar nafnalaust og er hún endurgjaldslaus. Sjá frekari upplýsingar í meðfylgjandi beiðni um fjárframlag.

Velferðarráð Kópavogs hefur styrkt Kvennaráðgjöfina í gegnum árin en þó ekki árlega. Upphæðir hafa verið á bilinu 150.000 til 290.000kr.

Í drögum að fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir samtals 5 milljónum króna til styrktar félagasamtaka.

Lagt er til að Kvennaráðgjöfinni verði veittur styrkur á árinu 2024 að upphæð 300.000kr.

Virðingarfyllst
f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri

Fylgiskjal 1: Styrkbeiðni Kvennaráðgjafarinnar fyrir árið 2024.